



Ríkisreikningur 2017 – miklar breytingar á framsetningu

Nýjar reikningsskilaaðferðir

Fjársýsla ríkisins birti nýlega ríkisreikning fyrir árið 2017 og er hann nú í fyrsta sinn í samræmi við ný lög um opinber fjármál. Löginn byggja meðal annars á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila.

Þá er árið 2017 fyrsta árið í langan tíma þar sem einskíptis- og óreglulegir liðir hafa ekki veruleg áhrif á rekstarniðurstöðu ríkissjóðs.

Miklar breytingar á efnahagsreikningi


Fram til þessa hafa fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum verið gjaldfærðar að fullu við kaup. Mikilvægar eignir ríkisins eins og fasteignir, vegakerfið, flugvélar, skip og stærri tæki hafa til þessa ekki verið sýndar í efnahagsreikningi. Hér eftir munu slíkar fjárfestingar verða færðar í efnahagsreikning við kaup og eignirnar síðan afskrifaðar yfir áætlaðan líftíma þeirra. Þá er jafnframt gerð sú breyting í stofnefnahag að eignir sem áður höfðu verið gjaldfærðar hafa verið metnar og færðar inn í efnahagsreikning á áætluðu afskrifuðu kostnaðarverði. Í stofnefnahagsreikningi eru eignir af þessu tagi metnar á samtals um 816 ma.kr. Þá hefur meðferð eignarhluta í félögum verið breytt með þeim hætti að þeir er nú færðir til eignar með hlutdeildaraðferð og eru færðar í efnahag í samræmi við hlutdeild í eigin fé. Þessi breyting hefur veruleg áhrif á stofnefnahag þar sem virði eignar í félögum hækkar um 372 ma.kr.

Hér eftir mun efnahagsreikningur ríkissjóðs því gefa mun betri heildarmynd af eignum ríkissjóðs. Samkvæmt ríkisreikningi námu heildareignir í árslok 2017 alls 2.157 ma.kr., skuldir 1.661 ma.kr og eigið fé 496 ma.kr.


Skuldir lækka áfram að nafnvirði

Skuldastaða ríkissjóðs var orðin vel ásætlanleg á árunum fyrir 2008, en á árunum þar á eftir jukust skuldir ríkisins mikið. Heildarskuldir ríkissjóðs eins

Ferill tekujafnaðar ríkissjóðs



Skuldir ríkissjóðs - nafnvirði





og þær birtast í efnahagsreikningi voru um síðustu áramót um 1.661 ma.kr., og höfðu lækkað um 11,2% milli ára að nafnvirði.

Lækkun skulda kemur að mestu leyti til vegna lækkunar langtímaskulda um u.þ.b. 23% milli ára. Skammtímaskuldir jukust reyndar á árinu, en þar er um mun lægri upphæð að ræða. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar aukast um 1,3% sem er mun minna en árin á undan. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um rúm 20% milli árána 2015 og 2016 og um 17% árið þar á undan. Þessar hækkanir komu fyrst og fremst til vegna mikilla launahækkana á árunum 2015 og 2016. Vegna mikils hagvaxtar á síðustu árum hafa skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu lækkað verulega.

Afkoma í járnum

Samkvæmt ríkisreikningi var rekstrarafkoman á árinu 2017 jákvæð um 39 ma.kr. Útgjöld ríkisins hafa aukist nokkuð hratt á síðustu árum í takt við auknar tekjur og bætta stöðu ríkissjóðs. Það er jafnframt ólíklegt að álíka útgjaldavöxtur sé sjálfbær á næstu árum.

Eins og staðan er nú er afkoma ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi ekki samanburðarhæf við niðurstöðu fjárlaga og því er ekki hægt að tengja saman niðurstöður ríkisreiknings við áætlaða útkomu fjárlaga með áreiðanlegum hætti nú en stefnt er að því að það verði hægt bráðlega.

Tekjur og gjöld


Tekjur ríkissjóðs án fjármunatekna og afkomu af hlutdeildarfélagum og samrekstri námu 783 mö.kr. á árinu 2017. Tekjur af virðisaukaskatti vógu þýngst og námu 229 mö.kr., eða um 29% af tekjum. Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga voru um 169 ma.kr., eða 22% af heildartekjum.

Á árinu 2017 námu gjöld ríkissjóðs að frádregnum fjármagnsgjöldum 711 mö.kr. Rekstrartilfærslur vógu þýngst og voru 292 ma.kr. Starfsmannakostnaður nam 237 mö.kr. þar sem laun og launatengd gjöld námu 193,3 mö.kr. og gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar 43,0 mö.kr.

Útgjöld til málefna sviða


Útgjöld til málefna sviða að frádregnum rekstrartekjum voru um 764 ma.kr. á árinu 2017. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF



Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

INNBYRÐIS SAMSETNING TEKNA RÍKISSJÓÐS



Heimild: Ríkisreikningur 2017

Innbyrðis vægi skatttekna ríkissjóðs



Heimild: Ríkisreikningur 2017



Lífeyrisskuldbindingar var langstærsti útgjaldaliðurinn en af eiginlegum útgjaldasviðum fór mest til sjúkrahúsþjónustu, um 74 ma.kr. Næst stærsti útgjaldaliðurinn var málefni aldraðra, 67 ma.kr. Heilbrigðistengdu liðirnir; sjúkrahúsþjónusta, heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa og hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta, námu samtals um 156 mö.kr., eða um 20% af útgjöldum ríkissjóðs.


Starfsmannakostnaður

Eins og áður segir nam starfsmannakostnaður A-hluta ríkissjóðs 237 mö.kr. á árinu 2017. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu var um 17.100. Það þýðir að heildarkostnaður pr. starfsmann á mánuði var að meðaltali um 1.150 þús. kr. Sé þessi kostnaður borinn saman við tvo banka í eigu ríkisins kemur í ljós að kostnaðurinn við hvern starfsmann Landsbankans er eilítið lægri en hjá A-hluta ríkissjóðs og kostnaður pr. starfsmann Íslandsbanka eilítið hærri. Munurinn er þó ekki mikill.

Breytingar til bóta


Þær breytingar sem gerðar hafa verið á uppgjöri ríkisins eru vafalaust til bóta. Þær auka yfirsýn og einfalda allan samanburð. Mikilvægt er að ljúka því starfi sem fyrst að hægt sé að bera afkomu ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi saman við niðurstöðu fjárlaga.

Stærstu útgjaldaliðir ríkissjóðs



Heimild: Ríkisreikningur 2017

Laun og launatengd gjöld pr. starfsmann 2017



Heimild: Ríkisreikningur 2017, ársreikningar bankanna

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.